

87. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum

27. júní 2022

Kl. 16:00 á Teams.

Fundinn sátu: Edda Matthíasdóttir (staðgengill rektors), Jón E. Friðriksson, Laufey K. Skúladóttir, Sveinn Margeirsson, Sigríður Sigurðardóttir og Kári H. Árnason (varamaður).

Fjarverandi: Hólmfríður Sveinsdóttir og Guðrún Stefánsdóttir.

Edda Matthíasdóttir stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Aðlögun á skipuriti
2. Húsnæðismál fiskeldis- og fiskalíffræðideildar
3. Fundur með ráðherra HVÍN
4. Önnur mál

Allir viðstaddir höfðu fengið kynningu á dagskrárliðum 1 og 2 áður en fundurinn hófst.

1. Aðlögun á skipuriti

Á síðasta ári fór fram endurskipulag í Háskólanum á Hólum, sem meðal annars var byggt á viðtölum við starfsmenn skólans. Nýtt skipulag hefur nú verið í gangi í um það bil eitt ár og með því hlotist reynsla til að meta áhrif nýs skipulags á starfsemi. Mörg verkefni hafa gengið betur í nýju skipulagi á meðan önnur hafa ekki náð þeim árangri sem óskað var eftir.


Kennslustjóri og sviðsstjóri rannsókna, nýsköpunar og kennslu (RNK) hafa nýlega sagt upp störfum. Þessi breyting á lykilstarfsmönnum gaf bæði ástæðu og möguleika til að aðlaga skipuritið út frá þeim ábendingum sem borist hafa frá starfsmönnum.

Framkvæmdaráð hefur farið yfir stöðuna og lagt til aðlögun á skipuriti. Tillagan er byggð á óskum starfsmanna og deildarstjóra eftir reynslu af nýju skipuriti, en byggt á þeim áherslum sem voru lagðar við endurskipulag síðastliðið ár.

Störf sviðsstjóra mannauðs, gæða og rekstrar (MGR) og sviðsstjóra rannsókna, nýsköpunar og kennslu (RNK) verða að einni stöðu sem nefnist framkvæmdastjóri. Með þessu vill stjórn skólans einfalda boðleiðir og minnka yfirbyggingu.

Með breytingunni er verið að draga úr yfirbyggingu í stjórnun háskólans og færa fjármagnið yfir í aukna þjónustu til starfsmanna. Að auki munum sérfræðiaðstoð á stoðsviði verða eflað í gegnum auknið samstarf við aðra háskóla, til að tryggja aukna þjónustu til starfsmanna og stjórnenda.

Sviðin halda áfram með sömu áherslur og ákveðnar voru í endurskipulagningu síðastliðins árs. Aukin áhersla verður á verkefnastjórstöður innan sviðanna, sem munu þá auka stöður á því sviði sem hefur aukna starfsemi yfir ákveðið tímabil. Nú þegar er verið að sækja um styrk til slíkrar stöðu vegna nýbyggingar fiskeldis- og fiskeldisdeildar á sviði mannauðs, gæða og rekstrar. Gert er ráð fyrir að innan skamms verði sótt um tilsvandandi styrki bæði frá hinu opinbera og atvinnulífinu, fyrir verkefni sem falla undir svið rannsókna, nýsköpunar og kennslu. Rektor mun taka aukinn þátt í nýsköpunarstarfi skólans, en starfsemi sviðanna helst að öðru leyti óbreytt.



Niðurstaða: Háskólaráð samþykkir tillögu um aðlögun á skipuriti

2. Húsnæðismál fiskeldis- og fiskalíffræðideildar

Rektor og sviðsstjóri MGR hafa verið í viðræðum við FISK Seafood varðandi yfirtöku á aðstöðu Hólalax fyrir fiskeldis- og fiskalíffræðideild, sem þarf að flytja úr núverandi húsnæði á næsta ári. Hólalax getur ekki komið í staðinn fyrir framtíðarhúsnæði, sem þarf m.a. að gefa kost á sjórannsóknunum, en getur nýst sem tímabundið húsnæði á meðan unnið er að því að koma upp nýrri og betri aðstöðu fyrir skólann.

Niðurstaða: Háskólaráð veitir rektor umboð til að undirrita samning við FISK Seafood varðandi yfirtöku á húsnæði Hólalax.

3. Fundur með ráðherra HVÍN.

Rektor og sviðsstjóri MGR sátu fund með ráðherra og ráðuneytisstjóra HVÍN sl. föstudag, þar sem ráðuneytið greindi m.a. frá áformum sínum um sameiginlega umsóknargátt fyrir alla háskóla á næsta ári, samræmingu á gagnaskráningu í Uglu og gæðastjórnun með nýjum áherslum. Einnig var farið yfir stöðu Háskólans á Hólum, varðandi húsnæðismál, framtíðarsýn, rekstur, samstarf við aðra háskóla o.fl. Rektor og sviðsstjóri MGR hafa átt tíð og góð samskipti við ráðuneytið að undanfögnu og upplifa mikinn vilja til samstarfs hjá stjórn og starfsmönnum ráðuneytisins.

Niðurstaða: [Dagskrárliður aðeins til upplýsinga]

4. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.

Fundi slitið kl. 16.20